



## Stjórnarfundur 3 þriðjudaginn 9. október 2012 kl. 16.30 á skrifstofu BLÍ.

Mætt; Jason Ívarsson, Stefán Jóhannesson, Svala Vignisdóttir, Kristján Geir Guðmundsson og Aðalsteinn Einar Eymundsson.

Afboð og mættu ekki: Óskar Hauksson, Hreggviður Norðdahl og Valdimar Hafsteinsson.

### Dagskrá

- Mótahald
- Landsliðin
- Afmæli BLÍ
- Agareglur
- Önnur mál

## Fundargerð

### Mótahald

- Greint frá því að aldrei hafa jafnmörg lið keppt áður í deildakeppni BLÍ, alls 72 lið skráð til leiks þetta leiktímabil.
- Formaður greindi fundarmönnum frá fundi sem hann og framkvæmdastjóri hittu fulltrúa ÍBR vegna tilfærslu bikarúrslitahelgarinnar í Laugardalshöll. BLÍ er gert að færa sig vegna annarra viðburða í höllinni og hefur helgin 22.-24. mars verið tekin frá fyrir keppnina.
- Lögð var fram tillaga að breytingum á dagsetningum úrslitakeppninnar. Breytingin var samþykkt með þeim fyrirvara að tryggt verði að sjónvarpið sýni úrslitaleiki bikarkeppninnar beint.

### Landsliðin

- Landsliðsnefnd BLÍ hefur ráðið Filip Szewczyk og Emil Gunnarsson til þess að þjálfa U19 ára landsliðin í blaki.
- A landsliðin hafa verið skráð til keppni í undankeppni HM 2014 og er beðið frekari upplýsinga um undankeppnina.
- U19 ára verkefnið er handan við hornið og er landsliðsnefnd að vinna að fararstjórn og öðrum atriðum er lúta að verkefninu.

### Afmæli BLÍ

- Ákveðið var að allir fyrrverandi formenn BLÍ fái nafnbótina Heiðursformaður BLÍ.
- Lagður var fram listi yfir hverjir hljóta silfurmerki og gullmerki sambandsins á afmælinu.
- Á afmælisdaginn sjálfan verður kaffisamsæti þar sem öllum þessum aðilum verður boðið ásamt forsvarsmönnum félaganna.

### Agareglur BLÍ

- Stjórn fjallaði um uppfærslu á reglunum. Formaður sér um yfirferð á reglunum í samvinnu við aganefnd BLÍ.

### Önnur mál

- Jason sótti þing FIVB þar sem nýr forseti var kjörinn. Hann kynnti tvær bækur um þjálfun sem hann keypti fyrir sambandið til útláns.
- Jason sækir CEV þing sem verður 14.-18. nóvember en þar verða einnig SCD þing og NEVZA þing að venju.
- Bréf frá blakdeild HK tekið fyrir varðandi ýmis mál. Jason svarar bréfinu.

- Formannafundur ÍSÍ er dagsettur 23. nóvember.
- Stefán nefnir Alþjóðlegt yngriflokkamót sem Sebastian í Grundafirði er að reyna að koma á legg. Leggur til að BLÍ komi að þessu með einhverjum hætti. Nokkur umræða var um þetta og ákveðið að vísa þessu til yngriflokkaneftdar.
- Rætt um að leggja yngriflokkaneftnd BLÍ til kr. 500.000. Óskað verður eftir tillögum frá nefndinni um ráðstöfun fjáris, s.s. skólamót, alþjóðlega mótið, útbreiðsla, krakkabla.

*Fundi slitið kl. 18:30*

*Sævar Mór Guðmundsson ritaði fundargerð*